

Skógrækt í landi Alviðru undir Ingólfsfjalli, Sveitarfélaginu Ölfusi

Ákvörðun um matsskyldu

1 Inngangur

Þann 27. janúar 2023 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Alviðru fræðslusetri um skógrækt í landi Alviðru undir Ingólfsfjalli, Sveitarfélaginu Ölfusi, samkvæmt 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, sbr. lið 1.04 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Sveitarfélagsins Ölfus, Fiskistofu, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Minjastofnunar Íslands, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Skógræktarinnar og Umhverfisstofnunar.

2 Gögn lögð fram

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Skógrækt í landi Alviðru við Sogið undir Ingólfsfjalli. Matsskyldufyrirspurn. Janúar 2023.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Sveitarfélaginu Ölfusi dags. 16. febrúar 2023,
- Fiskistofu dags. 14. febrúar 2023,
- Heilbrigðiseftirliti Suðurlands dags. 21. febrúar 2023,
- Landsneti hf. dags. 1. mars 2023,
- Minjastofnun Íslands dags. 14. febrúar 2023,
- Náttúrufræðistofnun Íslands dags. 20. febrúar 2023,
- Skógræktinni dags. 20. febrúar 2023.

Umhverfisstofnun skilaði ekki inn umsögn á grundvelli þess að stofnunin veitir aðeins umsagnir þegar stofnuninni er í lögum falið að vera umsagnaraðili nema talið sé sérlega mikilvægt að stofnunin veiti umsögn.

3 Fyrirhuguð framkvæmd

Fyrirhuguð framkvæmd felst í ræktun birkiskógar á um 60 ha. svæði í landi Alviðru. Á jörðinni er ekki búskapur en hún er nýtt til fræðslustarfsemi og útivistar og til að endurheimta landgæði.

Fyrirhugað skógræktarsvæði

Fyrirhugað skógræktarsvæði hefur verið notað sem beitarland auk þess sem þar eru sumarbústaðir og skógrækt umhverfis þá. Á svæðinu eru tveir efnistökuastaðir frá fyrri tíð og í öðrum þeirra hefur myndast tjörn sem setur sterkan svip á umhverfið.

Ræktunaraðferð

Gert er ráð fyrir að skipta ræktunarsvæðinu í fjóra hluta, þ.e.:

- 44 ha. svæði sem er nyrst innan jarðarinnar og meira eða minna þakið lúpínu. Þar verður gróðursett birki, og líklega einstaka reynitré og blæösp. Miðað er við 2.500 tré á ha. samtals



110.000 tré. Stefnt sé að því að hefja ræktun innan þess svæðis og framhaldinu verði önnur svæði metin á grundvelli þess hvernig til hefur tekist.

- 4 ha. svæði sem er syðst innan jarðarinnar þar sem er berjaland og er ætlunin að gróðursetja þar með minni þéttleika til að stuðla að góðu samlífi trjágróðurs (birkis) og berjalands.
- Svæði sem kemur í framhaldi af fyrri gróðursetningu í svo kölluðum Forsetalundi og Lundi Ingva Þorsteinssonar. Þetta svæði verður í bið í einhvern tíma þar sem skiptar skoðanir eru um val á trjáplöntum eða hvort yfir höfuð sé skynsamlegt að gróðursetja á þessu svæði.
- 12 ha. svæði sem er miðsvæðis innan jarðarinnar. Þar sem ákvörðun um skógrækt verður tekin síðar. Á þessu svæði er nokkru framvinda af sjálfsáðu reyni og birki.

Ekki er gert ráð fyrir neinni véltækri jarðvinnslu. Notaður verði haki/fótstig á plöntustafnum til að skafa burt gróður á litlum blettum (25*25cm) eða notað við vélorf. Síðan er plantað í miðjan flekkinn og verður þessari aðferð beitt við gróðursetningu í lúpínubreiðunum.

4 Umhverfisáhrif

Hér er fjallað um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eins og þeim er lýst í framlögðum gögnum Alviðru fræðsluseturs og umsögnum umsagnaraðila.

Ásýnd

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að áformað sé að nýta svæði til ræktunar frá Grafningsvegi og að rótum Ingólfsfjalls. Þar megi víða sjá sjálfsáð birki og ilmreyni en þó einkum í hlíðinni ofan svæðisins. Á svæðinu séu malarhjallar eftir forna sjávarstöðu, einnig er túngarður úr grjóti og gömul þjóðleið. Á jörðinni sé veiðihús, íbúðarhús, gamalt fjós og hlaða. Viðbúið sé að ásýnd muni breytast með tímanum með tilkomu birkiskógar og í kjölfarið mun útsýni frá Grafningsvegi skerðast að neðri hluta Ingólfsfjalls.

Tegundarval og vistgerðir

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að fyrir utan sjálfsáð birki og ilmreyni sé fyrirhugað ræktunarsvæði vaxið lúpínu. Stefnt sé að því að hemja útbreiðslu lúpínu yfir náttúrulegan gróður með því að gróðursetja birki innan lúpínusvæðanna. Á skógræktarsvæðinu finnist þrjár tegundir með hátt og mjög hátt verndargildi og eru á lista Bernarsamningsins yfir vistgerðir sem þarfnast verndar. Nokkuð er um bláber og krækiber neðst í hlíðum Ingólfsfjalls, en innan berjasvæða sé ætlunin að gróðursetja með minni þéttleika til að stuðla að góðu samlífi trjágróðurs og berjalands.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands kemur fram að stofnunin telur að áherslur framkvæmdaraðila í skógræktinni vera góðar þar sem taka eigi tillit til gróðurfars sem fyrir er og hlífa því sem hafi hæst verndargildi.

Verndarsvæði og fuglalíf

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að skógræktarsvæðið nái inn á grannsvæði og brunnsvæði vatnsverndar. Skógræktarsvæðið er innan svæðis á náttúruminjaskrá sem sé lýst sem kjörnu útivistarsvæði, með fjölbreyttum gróðri og fuglalífi. Svæðið er einnig innan skilgreinds mikilvægs fuglasvæðis, þ.e. Suðurlandsundirlendis, frá Markarfljóti vestur að Helligheiði.

Fram kemur að Náttúrufræðistofnun hafi í tillögu að náttúruminjaskrá lagt til að Sogið-Þingvallavatn verði friðlýst vegna fugla og sé miðað við 100 m verndarjaðar við Sogið. Ekki sé talið að skógræktaráformin hafi áhrif á fuglalíf við Sogið þar sem þau séu í 200 til 400 metra fjarlægð frá árbökkum Sogsins og vestan við Grafningsveg.



Í umsögn Náttúrufræðistofnunar kemur fram að stofnunin telur þessar áherslur í skógræktinni vera góðar og falla vel að eðli svæðisins sem náttúruverndarsvæði. Einnig er tekið tillit til jarðminja þ.e. malarhjalla eftir forna sjávarstöðu. Helsta afleiðingin sem mögulega getur verið neikvæð sé að búsvæði mófugla geta dregist saman. Að mati Náttúrufræðistofnunar væri heppilegt að hafa gögn um þéttleika mófugla á svæðinu. Vitað sé til þess að margar mófuglategundir forðast nábýli við trjágróður. Endurheimt votlendis sem þegar hafi farið fram í landi Alviðru gagnast sumum tegundum sem gætu misst búsvæði sín vegna skógræktar en þó alls ekki öllum. Náttúrufræðistofnun leggur til að Alviðra fræðslusetur láti framkvæma úttekt á fuglalífi svæðisins til að geta skipulagt skógræktaráform þannig að þau hafi sem minnst áhrif á fugla.

Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Suðurlands kemur fram að í ljósi þess að umrædd skógrækt mun að hluta til fara fram á grannsvæði vatnsverndar við Ingólfsfjall þurfa framkvæmdir að vera í samræmi við reglugerð um varnir gegn mengun vatns þar sem segir að vegalagnir, áburðarnotkun og önnur starfsemi skuli vera undir ströngu eftirliti á grannsvæðum vatnsbóla.

Menningarminjar

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að á skógræktarsvæðinu sé túngarður úr grjóti og gömul þjóðleið. Ekki verði gróðursett innan 15 m svæðis umhverfis þekktar fornleifar.

Minjastofnun Íslands telur að fyrir liggi fullnægjandi upplýsingar um fornleifar á fyrirhuguðu skógræktarsvæði á jörðinni Alviðru. Fornleifarskráning Fornleifastofnunar Íslands ses sé nýleg og þar sé að finna lýsingu á fornleifum innan jarðarinnar. Staðsetning fornleifanna sé gefin upp í hnitum. Auðvelt ætti því að vera að komast hjá því að trjárækt raski fornleifum á svæðinu.

Helgunarsvæði loftlínu

Í umsögn Landsnets hf. kemur fram að 66 kV loftlína liggi um fyrirhugað skógræktarsvæði og skuli af öryggisástæðum skilgreina lágmarksfjarlægðir raflína til annarra mannvirkja. Innan helgunarsvæðis loftlína er skógrækt takmörkunum háð, en ýmis önnur landnotkun er leyfð. Nauðsynlegt sé að tryggja greiðan aðgang að línunum vegna eftirlits, viðhalds og viðgerða. Landsnet bendir á að í tilkynningu framkvæmdaraðila komi fram að settar verði sérstakar merkingar til að hindra gróðursetningu innan tilgreindra vistgerða og að ekki verði gróðursett á svæðum umhverfis þekktar fornminjar. Landsnet leggur áherslu á að í kaflanum verði einnig gerð grein fyrir hvernig gróðursetningu verði háttáð nærri háspennulínunni þannig að trjágróður ógni ekki afhendingaröryggi rafmagns og að persónuöryggi verði tryggt.

5 Skipulag og leyfi

Skipulagsstofnun telur að vinna þurfi að breytingu á Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Ölfuss 2020-2036 vegna umfangs fyrirhugaðs skógræktarsvæðis.

Framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Sveitarfélagsins Ölfuss skv. skipulagslögum og reglugerð um framkvæmdaleyfi. Einnig leyfi Landsnets hf. vegna vinnu nálægt flutningsvirki í rekstri.

6 Niðurstaða

Um er að ræða áform um skógrækt í landi Alviðru við Sogið í Sveitarfélaginu Ölfusi. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 19. gr. og lið 1.04 í 1. viðauka í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana.



Eðli, staðsetning og eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eðli framkvæmdar, svo sem stærð og umfangi framkvæmdar og nýtingar náttúruauðlinda, sbr. 1. tölul. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Einnig skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar og hversu viðkvæm þau svæði eru sem líklegt er að framkvæmd hafi áhrif á, svo sem með tilliti til landnotkunar, magns og getu náttúruauðlinda til endurnýjunar, verndarákvæða s.s. svæða á náttúruminjaskrá og svæða sem njóta verndar skv. lögum um náttúruvernd, vegna fornleifa eða svæða, sem njóta verndar vegna grunnvatns. Einnig ber að líta til álagspóls náttúrunnar, svo sem með tilliti til votlendissvæða, sérstæðra jarðmyndana, landslagsheilda og kjörlendis dýra sbr. 2. tölul. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Að endingu ber að skoða áhrif framkvæmdar í ljósi eðlis og staðsetningar hennar, svo sem með tilliti til: umfangs, eðlis og fjölbreytileika áhrifa, hverjar líkur séu á áhrifum, tímalengdar, tíðni og afturkræfni áhrifa og möguleika á að draga úr áhrifum, sbr. 3. tölul. 2. viðauka laga nr. 111/2021.

Um er að ræða nokkuð umfangsmikla skógrækt sem nær yfir um 60 ha svæði. Til stendur að gróðursetja fyrst og fremst birki og einstaka reynitré og blæaspir. Þá á að reyna að hemja útbreiðslu lúpínu á svæðinu með því m.a. að gróðursetja birkið inn í lúpínubreiður. Stefnt er að því að gróðursetja í minni þéttleika þar sem fyrir er berjalýng til að stuðla að góðu samlífi trjágróðurs og lyngtegunda.

Fyrirhuguð skógrækt mun koma til með breyta gróðurfari og vistgerðum í landi Alviðru. Framkvæmdasvæðið er almennt vel gróðið og töluverð fjölbreytni er í vistgerðum innan svæðisins. Nokkrar vistgerðir innan svæðisins hafa hátt til mjög hátt verndargildi héraðs og njóta verndar skv. Bernarsamningi, en engar sjaldgæfar tegundir með hátt verndargildi fundust innan þess. Ekki er ástæða til að ætla að núverandi vistgerðir á ræktunarsvæðinu séu sérstaklega viðkvæmar ef frá eru talin votlendissvæði en innan svæðisins er lítt raskað votlendi sem nýtur verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd. Í ljósi þess að um er að ræða framkvæmd sem hafi áhrif á sérstaka vernd tiltekinna vistkerfa telur Skipulagsstofnun brýnt að vernd votlendis verði fylgt og að í framkvæmdaleyfi verði kveðið á um kortlagningu votlendis og afmörkun annarra vistgerða með hátt verndargildi svo ekki verði plantað innan þeirra svæða.

Skógræktarsvæðið er á grann- og brunnsvæði vatnsverndar og innan svæðis á náttúruminjaskrá og er svæðinu m.a. lýst sem kjörnu útivistarsvæði með fjölbreyttum gróðri og fuglalífi. Svæðið er einnig innan mjög umfangsmikils svæðis sem skilgreint er sem mikilvægt fuglasvæði sem telst alþjóðlega mikilvægt fyrir himbrima, húsönd og gulönd. Skipulagsstofnun tekur undir með umsögn Náttúrufræðistofnunar um að framkvæmdaraðili láti framkvæma úttekt á fuglalífi svæðisins til að geta skipulagt skógræktaráform þannig að þau hafi sem minnst áhrif á fugla. Einnig tekur Skipulagsstofnun undir umsögn Heilbrigðiseftirlits Suðurlands um að í ljósi nálægar við verndarsvæði vatnsbóla þurfi verktilhögun framkvæmdaraðila að vera með þeim hætti að hún samræmist ákvæðum reglugerðar um varnir gegn mengun vatns, hvað varðar framkvæmdir og starfsemi á grann- og brunnsvæðum vatnsbóla.

Að mati Skipulagsstofnunar felast helstu áhrif fyrirhugaðrar skógræktar í áhrifum á það gróðurfar sem fyrir er sem og á ásýnd svæðisins. Skipulagsstofnun telur að með vandaðri verktilhögun og tegundavali trjátegunda, líkt og áform eru um hjá framkvæmdaraðila, verði ásýndaráhrif skógræktarinnar lágmarkuð að því marki að ólíklegt er að hægt sé að líta svo á að áhrifin verði neikvæð. Skipulagsstofnun telur að áætlun framkvæmdaraðila að nota birki sé jákvæð viðleitni til þess að draga úr m.a. neikvæðum ásýndaráhrifum skógræktar í stað þess ef hávaxnari, sígrænar tegundir hefðu orðið fyrir valinu.

Umhverfisáhrif skógræktar eru almennt fjölpætt. Skógrækt getur haft til jafns jákvæð eða neikvæð áhrif á s.s. ásýnd, gróðurfar, búsvæði fugla og annarra dýra, vatnabúskap og jarðveg. Með hliðsjón af umfangi, eðli og staðsetningu er þó ekki líklegt að áhrif af skógrækt í landi Alviðru á þessa



umhverfisþætti verði neikvæð en ljóst er að staðbundið mun ásýnd svæðisins taka breytingum og þau áhrif verða ekki afturkræf.

Ákvörðunarorð

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 30. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 14. apríl 2023.

Reykjavík, 13. mars 2023.

Jakob Gunnarsson